


Alþingi  
Eriundi nr. P 139/1364  
komudagur 33. 2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2011

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu um innlenda framleiðslu innrennslisvökva til notkunar í lækningaskyni, 294. mál.

Samtök atvinnulífsins benda á að hér er lagt til að heilbrigðisráðherra kanni hagkvæmni þess að hefja samkeppnisrekstur þar sem fyrir eru á markaði erlendir framleiðendur. Það er ekki nægjanleg forsenda til að hefja slíkan rekstur að sparaður verði gjaldeyris við innkaup þegar fyrir liggur að verulegu fé þarf að kosta til í upphafi. Rekstur sem þessi er best kominn í höndum einkaaðila sem leggja af stað með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi. Engin ástæða er til að ríkið fari að taka lán til að stofna til slíks reksturs sem hér um ræðir þar sem vart kemur til að veita einkaleyfi og einnig þarf að huga að reglum um ríkisstyrki og fleiru.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson